



Sent til heilbrigðisstofnana, læknastofa,
og Lyfjastofnunar Íslands.

Reykjavík, 14. ágúst 2015
1502051/0.5.2.3/ÞG/jjh

Dreifibréf Embættis landlæknis Nr. 3/2015 Tilkynning frá sóttvarnalækni

Efni: Breytingar á bólusetningu gegn HPV

Bólusetning gegn HPV (human papilloma veiru) hófst hér á landi á árinu 2011 hjá 12 ára stúlkum. Til þessa hefur verið talið að þrjár sprautur af HPV-bóluefninu þurfi til að ná fullri vernd en nú hefur komið í ljós að tvær sprautur með minnst 5–6 mánaða millibili nægja.

Sóttvarnalæknir mælist til þess að frá og með hausti 2015 verði HPV-bólusetningum hjá 12 ára stúlkum fækkað í tvær með a.m.k. 6 mánaða millibili. Ef bólusetning nr. tvö er gefin innan 5 mánaða frá þeirri fyrstu þarf að gefa alls þrjár sprautur og þriðja sprautan er þá gefin a.m.k. 5 mánuðum eftir sprautu nr. tvö. Þessar leiðbeiningar gilda bæði fyrir Cervarix, sem nú er notað í almennum bólusetningum, og Gardasil.

Varðandi notkun bóluefnanna fyrir aðra aldurshópa er vísað í sérlyfjaskrá.

Sóttvarnalæknir

Afrit: Velferðarráðuneytið, Læknablaðið, Tímarit hjúkrunarfræðinga.